



Garðabær 11. október 2018

Berist til: Gunnars Einarssonar, Bæjarstjóra Garðabæjar &

Guðjóns Erlings Friðrikssonar, Bæjarritara Garðabæjar.

Erindi: Beiðni fyrir leyfi á auglýsingaskilti við Innkeyrsluna á Ásgarðssvæðið

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnnunnar um leyfi fyrir því að fá að setja upp Led auglýsingaskilti á lóðinni við innkeyrslu á Ásgarðssvæðið í Garðabæ.

Það er ósk okkar í UMF Stjörnnunni að fá leyfi frá stjórnendum Garðabæjar fyrir því að setja upp skilti sem væri minna í sniðum við innkeyrsluna á Ásgarðssvæðið. Skiltið væri notað til að auglýsa viðburði félagsins, bjóða fólk velkomið á svæðið, auglýsa styrktaraðila og jafnvel auglýsa viðburði á vegum Garðabæjar. UMF Stjarnan er stolt af því öflugra afreksstarfi sem félagið stendur fyrir en ljóst að ef vilji er til að halda því áfram þarf að finna fleiri fjáröflunarleiðir til að fjármagna starfið því árangursmiðað og faglegt meistaraflokksstarf er einnig kostnaðarsamt.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan